

Þvagleggur settur í gegnum kviðvegg

Aðgerðin er gerð með blöðruspeglun í svæfingu. Farið er með speglunartæki upp þvagrásina og inn í þvagblöðru. Jafnframt er gerður lítill skurður fyrir ofan lífbein þar sem þvaglegg er stungið inn í þvagblöðruna. Skipta þarf um þvaglegginn reglulega.

Undirbúningur fyrir aðgerð

Hætta þarf að taka blóðþynningarlyf, önnur en magnýl og hjartamagnýl fyrir aðgerðina, og er það gert í samráði við lækna þvagfæraskurðeildar.

Fasta

Nauðsynlegt er að fasta fyrir aðgerð til að minnka hættu á fylgikvillum í tengslum við svæfingu/deyfigu. Löng fasta er þó ekki góð fyrir líkamann og fólki liður betur eftir aðgerð ef eftirfarandi leiðbeiningum er fylgt:

- Fá sér aukabita eða drykk áður en lagst er til svefns kvöldið fyrir aðgerð.
- Ekki má borða mat síðustu 6 klst. fyrir komu á spítalann.
- Óhætt er að drekka tæra drykki (1-2 glös í senn) þar til 2 klst. eru í komu á spítalann. Tær drykkur er t.d. vatn, tær ávaxtasafi og mjólkurlaust kaffi og te.
- Þegar á spítalann er komið veitir starfsfólk upplýsingar um hvort og hve lengi megi drekka fram að aðgerð.
- Ekki má nota tóbak síðustu 2 klst. fyrir komu á spítalann.

Gera þarf ráð fyrir að fá fylgd heim, því ekki má aka bíl fyrr en daginn eftir svæfingu. Eins þarf að hafa einhvern hjá sér fyrstu nóttina eftir aðgerð til öryggis. Hægt er að óska eftir dvöl á sjúkrahóteli ef þörf er á.

Við innlögn á deild er gott að hafa með sér náttslöpp og afþreyingarefni. Nota má farsíma en stilla þarf á hljóðlausa hringingu.

Aðgerðardagur

Fara þarf í sturtu að morgni aðgerðardags. Klæðast hreinum fötum og fjarlægja skartgrip og naglalakk. Ekki má nota húðkrem, ilmefni eða andlitsfarða eftir sturtuna.

Mæta á dagdeild 13D á 3. hæð Landspítala við Hringbraut, að morgni aðgerðardags og hafa með öll lyf sem tekin eru daglega.

Undirrita þarf samþykki fyrir aðgerð og svæfingu. Óvæntar aðstæður geta valdið því að aðgerðartími breytist. Eftir aðgerð fer sjúklingur á vöknun og síðan aftur á dagdeild 13D. Útskrift er áætluð 2-4 klst. eftir aðgerð.

Eftir aðgerð: • Verkjalyf eru gefin eftir þörfum. • Létt máltíð fyrir heimferð.	Fyrir útskrift þarf að vera búíð að fá: • Útskriftarfræðslu. • Endurkomutíma hjá hjúkrunarfræðingi og sérfræðingi á göngudeild þvafæra 11A, um 6 vikum eftir aðgerð. • Beiðni senda til Sjúkratrygginga Íslands fyrir þvagleggjum, þvagpokum og festibúnaði.
---	---

Útskrift

Umbúðir

Skipta þarf um umbúðir sólarhring eftir aðgerð og síðan eftir þörfum. Þegar sár er vel gróið þarf ekki umbúðir.

Hreinlæti og umhirða þvagleggs

- Þvo hendur fyrir og eftir hverja losun úr þvagpokanum.
- Gott er að fara í sturtu daglega. Ekki má fara í baðkar, sund eða heitan pott.
- Búast má við blóðlituðu þvagi fyrstu dagana. Gott er að miða við að drekka um 1,5-2 lítra af vökva á sólarhring.
- Þvagpokinn er festur á lærið eða fótlegginn og hann tæmdur með því að opna lokuna sem er á enda hans og þvagið látið renna í salerni. Til að koma í veg fyrir tog á þvaglegginn þarf að gæta þess að hafa slaka á honum og festa hann vel á kviðinn með plástri eða sérstökum festibúnaði.
- Ávallt skal tæma þvagpokann fyrir svefn.

Vandamál sem geta komið upp:

- Ef þvag rennur ekki um slöngu, þarf að athuga hvort brot sé á þvaglegg eða slöngu.
- Þvaglátatilfinning getur stafað af ertingu vegna þvagleggsins.
- Krampi í þvagblöðru getur komið upp, en hverfur yfirleitt fljótlega.

Skipti á þvagpoka og þvaglegg

Yfirleitt sér heimahjúkrun um að skipta um þvagpoka á þriggja vikna fresti og um þvaglegg á þriggja mánaða fresti. Ef dvalið er á sjúkrastofnun utan Landspítala er séð um þessar skiptingar þar.

Hafa skal samband við göngudeild þvagfæra 11A eða bráðamóttöku ef:

- viðvarandi verkur er undan þvaglegg eða yfir þvagblöðru.
- ekkert þvag kemur í pokann í 2–3 klst.
- blóð er í þvagi.
- þvagið er gruggugt eða illa lyktandi.
- líkamshiti verður hærri en 38,5°C eða skjálfti gerir vart við sig.
- roði og hiti er við opið.

Kostnaður

Greiða þarf fyrir aðgerðina. Reikningur er sendur heim eftir útskrift. Verðskrá er birt með fyrirvara um breytingu á gjaldskrá Landspítala.

Símanúmer

Dagdeild 13D er opin virka daga kl. 7-19, sími: 543 7480.

Göngudeild þvagfæra 11A er opin virka daga kl. 8-16, sími 543 7100.

Utan þess tíma má hafa samband við bráðamóttöku í Fossvogi í síma 543 2000.

Sjúklingum og aðstandendum er velkomið að hringja á deildina ef spurningar vakna.

Vinsamlegast athugið að sjúkrahúsið getur ekki borið ábyrgð á peningum eða öðrum verðmætum svo sem sínum, tölvum o.fl. sem sjúklingar eða aðstandendur hafa meðferðis.

Athygli er vakin á því að starfsfólk og nemendur sjúkrahússins eru bundin þagnarskyldu og mega því ekki ræða um málefni sjúklinga á deildinni. Við viljum vinsamlegast biðja þig og aðstandendur þína að ræða ekki það sem þið kunnið að verða vitni að eða heyrið um aðra sjúklinga.

Landspítali er kennsluspítali og nemendur í heilbrigðisfræðum og tengdum greinum stunda hluta af námi sínu á spítalanum. Nemendur fylgjast með og taka þátt í daglegri meðferð sjúklinga og eru alltaf á ábyrgð og undir handleiðslu leiðbeinenda sinna.